


**KARATESAMBAND
ÍSLANDS**

Íþróttamiðstöðin í Laugardal - Engjavegi 6 - 104 Reykjavík

4. BIKARMÓT KAÍ 2005-2006 - LOKAMÓTIÐ.

Einar Hagen og Eydís Líndal bikarmeistarar í karate

Einar Hagen, Breiðablik og Eydís Líndal Finnbogadóttir, Karatefélagi Akraness urðu á laugardag bikarmeistarar í karate. Fjórða bikarmótið fór fram í íþróttahúsinu í Austurbergi og sigraði Einar kata karla en tók ekki þátt í kumite. Einar stóð uppi sem sigurvegari með 46 stig en í öðru sæti með 44 stig varð Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Haukum.

Í kvennaflokki urðu þrjár skagastúlkur í efstu þremur sætunum, í því þriðja Ása Katrín Bjarnadóttir með 36 stig, í öðru sæti Guðrún Birna Ásgeirsdóttir með 42 stig. Eydís hlaut 60 stig af 80 mögulegum en Eydís tók aðeins þátt í þrem mótum og sigraði í kata og kumite á þeim öllum. Tíu stig eru gefin fyrir fyrsta sætið, sex fyrir annað og fjögur fyrir þriðja til fjórða sæti, aðrir þátttakendur fá síðan eitt stig. Einar tók þátt í kata á öllum mótunum og sigraði í öll skiptin, á þriðja mótinu keppti hann einnig í kumite og lenti í öðru sæti. Því er við að bæta að Einar keppti þrettán sinnum í kata og gerði jafnmargar kata og fékk alltaf öll dómaraflöggin.

Í lok bikarmótsins fór fram lítil karateuppskeruhátíð og voru þar tilnefndir efnilegustu nýliðar vetrarins og hlutu þau Ása Katrín Bjarnadóttir, Karatefélagi Akraness og Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Haukum viðurkenningar.



Í fremri röð: Eydís, Guðbjartur, Ása og Einar.

Úrslit bikarmóts IV 2005-2006:

Kata kvenna

- 1 Eydís Líndal Finnbogadóttir, Karatefélag Akraness
- 2 Ása Katrín Bjarnadóttir, Karatefélag Akraness
- 3 Guðrún Birna Ásgeirsdóttir, Karatefélag Akraness
- 3 Björg Jónsdóttir, Breiðablik
- 3 Carla Almeida, Fjölnir

Kumite kvenna +57 kg

- 1 Eydís Líndal Finnbogadóttir, Karatefélag Akraness
- 2 Guðrún Birna Ásgeirsdóttir, Karatefélag Akraness
- 3 Björg Jónsdóttir, Breiðablik

Kumite kvenna -57 kg

- 1 Ása Katrín Bjarnadóttir, Karatefélag Akraness

Kata karla

- 1 Einar Hagen, Breiðablik
- 2 Tómas Arnason, Karatefélag Akraness
- 3 Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Haukar
- 3 Pálmar Einarsson, Haukar

Kumite karla - 74 kg

- 1 Guðbjartur Ísak Ásgeirsson, Haukar
- 2 Kristján Davíðsson, Haukar
- 3 Tómas Arnason, Karatefélag Akraness
- 3 Sigurður Þór Steingrímsson, Fjölnir

Kumite karla + 74 kg

- 1 Diego Björn Valencia, Víkingur
- 2 Pálmar Einarsson, Haukar
- 3 Brynjar Aðalsteinsson, Karatefélag Reykjavíkur
- 3 Kristinn Vilbersson, Karatefélag Reykjavíkur

	Kvennaflokkur	Félag	Alls
1	Eydís Líndal Finnbogadóttir	Karatefélag Akraness	60
2	Guðrún Birna Ásgeirsdóttir	Karatefélag Akraness	42
3	Ása Katrín Bjarnadóttir	Karatefélag Akraness	36
4	Björg Jónsdóttir	Breiðablik	23
5-6	Guðrún Óskarsdóttir	Breiðablik	14
5-6	Helena Montaseri	Víkingur	14
7	Sólveig Sigurðardóttir	Þórshamar	10
8	Auður Olga Skúladóttir	Þórshamar	6
	Karlaflokkur	Félag	Alls
1	Einar Hagen	Breiðablik	46
2	Guðbjartur Ísak Ásgeirsson	Haukar	44
3	Diego Björn Valencia	Víkingur	36
4	Tómas Arnason	Karatefélag Akraness	32
5	Pálmar Einarsson	Haukar	24
6	Kostas Petrikas	Víkingur	16
7	Brynjar Aðalsteinsson	Karatefélag Reykjavíkur	15
8	Kristinn Vilbersson	Karatefélag Reykjavíkur	12